

LEIKSKÓLINN TJARNARLAND EGILSSTÖÐUM

## BETRI BÆR – LIST ÁN LANDAMÆRA

ÞRÓUNARVERKEFNI – LOKASKÝRSLA

skólaárið 2011 - 2012



Anna Bryndís Skúladóttir

verkefnastjóri

Samningur no. 90. 2011-2012

Egilsstöðum 9. júlí 2012

Ég vil fyrir hönd starfsfólks leikskólans Tjarnarlands þakka stjórn Sprotasjóðs fyrir ómetanlega aðstoð með fjárstyrk sínum sem gerði okkur kleift að standa það myndarlega að þróunarverkefninu að tekið var eftir í samfélaginu og hlaut verkefnið mikið lof frá íbúunum. Einnig hlutu Tjarnarland og verkefnastjóri viðurkenningu hjá Heimili og skóla fyrir verkefnið og tók verkefnastjóri við viðurkenningu við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík í maí s.l.

Með kærri þökk.

Anna Bryndís Skúladóttir, verkefnastjóri.

**Krummi**

**Hann elskar Ísland**

**og snjó og vind.**

**En líður samt vel**

**þegar vorið kemur**

**og sumarið.**

*Höf: Elfar Þór Guðmundsson 6 ára*

**Nafn skóla: Leikskólinn Tjarnarland Egilsstöðum**

**Nafn verkefnis: Betri bær – list án landamæra**

**Nafn verkefnisstjóra: Anna Bryndís Skúladóttir**

Leikskólinn Tjarnarland er 3ja deilda leikskóli fyrir elstu leikskólanemendurnar á Egilsstöðum. Skólaárið 2011 – 2012 voru 44 fimm til sex ára nemendur við leikskólann.

**Markmið verkefnis:**

1. -Að nýta félagsleg og menningarleg tækifæri á svæðinu
2. -Að auka víðsýni og umburðarlyndi allra sem að verkefninu koma
3. -Að mynda tengsl milli þessara ólíku hópa og styrkja þannig innviði samfélagsins
4. -Að þátttakendur fái tækifæri til að nýta hæfileika sína og styrk í gegnum listsköpun
5. -Að skapa listræna afurð sem kynnt verður á hátíðinni "List án landamæra" í maí 2012

**Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum**

1. -Að nýta félagsleg og menningarleg tækifæri á svæðinu

Leiðir:

- Verkefnastjóri komi á samstarfi við ólíka samfélagshópa, m.a. Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði og Stólpa – hæfingu og iðju fyrir fatlaða.
- Fara í heimsóknir á vinnustaði og ýmsar stofnanir bæjarins.
- Fara í sögugöngur um gamla hverfið með eldri borgurum.
- Fara í gönguferðir um bæinn og velta fyrir sér hvaða hlutverk byggingar hafa (heimili, sjúkrahús, kirkja, vinnustaður, menntastofnun, flugstöð...).
- Fara í gönguferðir út í náttúruna og skoða nær- og fjærumhverfið af hæstu klettum (fossa, fjöll og fl.)
- Vinna með sérkenni svæðisins (skógar, hreindýr, fljót...)
- Vinna með almennar þjóðsögur (krummi) og þjóðsögur tengdar svæðinu (Lagarfljótsormurinn, Skessan undir Fardagafossi o.fl.)
- Fá ömmur og afa í heimsókn.
- Skapa menningarviðburð með aðkomu að hátíðinni „List án landamæra“ í maí 2012.

2. -Að auka víðsýni og umburðarlyndi allra sem að verkefninu koma

Leiðir:

- Vinna með hugtakið virðingu í gegnum allt skólstarfið
- Umræður um fjölbreytileika mannlífsins, ólíkar skoðanir o.fl.
- Gagnkvæmar heimsóknir ólíkra einstaklinga og samfélagshópa
- Ólíkir einstaklingar starfa saman í smiðjum og skapa sameiginlega listræna afurð

3. -Að mynda tengsl milli þessara ólíku hópa og styrkja þannig innviði samfélagsins

Leiðir:

- Skapa kynni milli ólíkra einstaklinga með gagnkvæmum heimsóknum og fjölbreyttum uppákomum

4. -Að þátttakendur fái tækifæri til að nýta hæfileika sína og styrk í gegnum listsköpun

Leiðir:

- Að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og upplifað styrk sinn.

5. -Að skapa listrænar afurðir sem kynntar verða á hátíðinni "List án landamæra" í maí 2012

Leiðir:

- Vinna í fjölbreyttum smiðjum þar sem viðfangsefnið er KRUMMI. Söngsmiðja, danssmiðja, bútasumur, heimildamynd, skuggaleikhús, brúðuleikhús, útilistaverk, stór járnskúlpútur, risastór krummalaupur úr greinum.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Verkefnið vatt heldur betur upp á sig þegar fór að líða á seinni önnina. Samstarfsaðilum fjölgaði, og viðburðum fjölgaði. Verkefnastjóri var allt í einu orðinn einn af lykilmönnum í hátíðinni List án landamæra sem fram fór í Sláturhúsi – menningarmiðstöð á Egilsstöðum 5. maí, eitthvað sem hann hafði ekki gert sér grein fyrir þegar lagt var af stað í verkefnið. En þar sem hátíðin er byggð á grasrótarsamtökum og leikskólinn Tjarnarland átti langstærstan þátt í sýningunni, var það eðlileg afleiðing að verkefnastjóri þurfti að vera í framlínusveit við skipulagningu hátíðarinnar. Betribæjarstjórnin fundaði vikulega í Sláturhúsinu frá því í lok mars fram að hátíðinni. Ákveðið var að ráða sýningarstjóra sem gaf góðar hugmyndir varðandi sýninguna og sinnti ýmsum undirbúningsstörfum fyrir hátíðina og á hátíðinni sjálfri.

Þegar smiðjur voru komnar vel á veg fóru stórkostleg verk að líta dagsins ljós. Ákveðið var að senda stóran krummalaup á opunarhátíð „Listar án landamæra“ í Ráðhúsi Reykjavíkur, þann 18. maí. Í för með krumma var 3ja manna sönghópur, skipaður einum aðila úr hverjum samstarfshópnum þ.e. einn eldri borgari, einn leikskólanemandi og einn starfsmaður Stólpa. Einnig var með í för eitt foreldri í leikskólanum sem er söngkona sem hafði séð um æfingar hjá sönghópnum og var stjórnandi hans. Uppákoman vakti athygli fjölmiðla og myndir af krummalaupnum og viðtal við sönghópinn kom í kvöldfréttum RÚV sama dag.

Annað verkefni sem tilgreina má sem frávík, var að gera Fljótsdalshérað að KRUMMAHÉRAÐI í tengslum við verkefnið „Ljóð á vegg“, sem fyrst var framkvæmt á Fljótsdalshéraði árið 2008. Þá birtust ástarljóð Páls Ólafssonar á veggjum nokkurra bygginga í sveitarfélaginu í tengslum við sumarsýningu Minjasafns Austurlands. Tveimur árum síðar voru nokkur úrvals ljóð Hákonar Aðalsteinssonar sett upp. Nú var ákveðið að bjóða yngstu kynslóðinni að spreyta sig sem ljóðskáld. Þrýða nú krummaljóð elstu nemenda leikskóla og nemenda 4. bekkjar grunnskóla á Fljótsdalshéraði, húsveggi á nokkrum fjölförnum stöðum á Egilsstöðum og í Fellabæ. Setja krummaljóðin mikinn svip á bæinn og gleðja gesti og gangandi. Myndskreytingar af krumma eru við flest ljóðanna og eru þær unnar af leikskólanemendum í Tjarnarlandi. Verkefnastjóri *Betri bæjar* tók sæti í verkefnastjórn *Ljóða á vegg* og tók þátt í skipulagningu og ut anumhaldi á því og hvatti leikskólanemendur til dáða við að yrkja.

Verkefnið vatt einnig töluvert upp á sig eftir áramótin þegar kennari í elstu deild Egilsstaðaskóla óskaði eftir samstarfi við Tjarnarland í tengslum við þróunarverkefnið og samstarf leikskólans við eldri borgara. Kennarinn hafði umsjón með valverkefni fyrir 14 -16 ára nemendur, sem gekk út á að kynna Egilsstaði fyrr og nú. Það varð úr að nemendur Tjarnarlands kynntu húsín í gamla hverfinu fyrir grunnskólanemendum, með aðstoð eldri borgara og skjávarpamynda. Verkefnastjóri varpaði myndum af gömlu húsunum upp á tjald og leikskólanemendur og eldri borgarar sögðu frá heiti húsanna, fyrstu íbúum þeirra, byggingarári og hvaða hlutverki þau gegndu í gegnum tíðina. Grunnskólanemendur sem komu í nokkrum hópum, skráðu hjá sér upplýsingarnar og spurðu ef þau vantaði meiri upplýsingar. Síðar fóru leikskólanemendur í heimsókn út í Egilsstaðaskóla til að sjá hvernig

nemendurnir höfðu unnið úr upplýsingunum í tölvu og útbúið upplýsingaspjöld um gömlu húsin.

Hugsunin var að þarna mundu kynslóðir vinna saman að sameiginlegu markmiði. Þarna ætti sér stað nýsköpun í skólastarfi sem gæfi nemendum á leik- og grunnskólasigi tækifæri á að vinna saman með eldri borgurum að þroskandi verkefni. Afurðin sem stefnt var á að framleiða í samstarfi við grenndarsamfélagið voru upplýsingaskilti, sem hugsuð voru til að styrkja söguvitund nemenda skólasamfélagsins og fræða gesti og íbúa svæðisins um sögu bæjarins. Sótt var um styrk til Sprotasjóðs en umsókninni var því miður hafnað.

Fljótlega eftir að þróunarverkefnið hófst bættist starfsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum í samstarfið og sóttu nemendur Tjarnarlands m.a. afar skemmtilega krummasmiðju til þeirra í vetur.

Varðandi fleiri frávík má greina frá því að vegna óviðráðanlegra orsaka tókst ekki að hanna mat fyrir nemendur eins og áætlun gerði ráð fyrir.

### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Afar fáar hindranir voru til að hindra framgang þessa skemmtilega verkefnis, allir voru jákvæðir og samstarfsfúsir og tilbúnir að leggja sig fram um að láta hlutina ganga upp. Verkefnastjóri vann sínu vinnu sem slíkur að langmestu leiti utan dagvinnutíma og má segja að frá mánaðarmótum feb/mars og fram að opunarhátíð „Listar án landamæra“ 5. maí, hafi flest kvöld og helgar farið í að halda utan um verkefnið. Betra væri að verkefnastjóri gæti sinnt starfi sínu sem verkefnastjóri í dagvinnu og sinni ekki mörgum öðrum viðameiri störfum á meðan. Samhliða þessu þróunarverkefni sinnti verkefnastjóri bæði aðstoðarleikskólastjóra- og deildarstjórastarfi. Þó var ekki hjá því komist að sinna utanumhaldi, móttöku samstarfsaðila og ýmsu öðru á vinnutíma. Það var stundum erfitt fyrir verkefnastjóra að finna leið til að sinna þessu jafnhliða því að vera að störfum með barnahóp á deild.

### **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Greina mátti ávinning hjá þeim sem að þessu verkefni komu, sérstaklega félagslegan ávinning. Verkefnastjóri fann að eftir því sem einstaklingarnir /hóparnir unnu oftast saman, skapaðist aukin gagnkvæm þekking á aðstæðum einstaklinganna sem leiddi til meiri skilnings og umburðarlyndis. Nemendur tóku þátt í fjölbreyttu mannlífi og upplifðu ýmis konar aðstæður einstaklinga. Fram kom

hjá leiðbeinendum hjá Stólpa, að samstarfið auðgaði líf starfsmanna þeirra mjög og væri skemmtileg tilbreyting í lífi þeirra. Nemendur hafa eignast kunningja í hópi eldri borgara, fatlaðra og þeirra sem störfuðu með hópunum og heilsa þeim nú út á förnum vegi. Einnig mynduðust kynni meðal fagfólks stofnana sveitafélagsins í gegnum samstarfið, sem eflaust mun skila sér áfram.

Það var greinilegt að það sem nemendum þótti sérkennilegt eða óvenjulegt í háttum, útliti eða í útbúnaði (t.d. hjálpartæki) einstaklinga við fyrstu kynni, þótti þeim ekki óeðlilegt eftir stutt kynni og samstarf. Það var m.a. hægt að greina á því að börnin hættu að horfa forvitnislega á einstaklinga sem þau höfðu gert þegar þau sáu viðkomandi í fyrsta sinn. Einnig fóru nemendur að eiga meiri samskipti við einstaklinga sem þeir höfðu verið óöruggir eða feimnir við í fyrstu. Verkefnastjóri upplifði einnig viðhorfsbreytingu eldri borgara til fatlaðra einstaklinga í gegnum samstarfið.

Vissulega tengdust nemendur samstarfsaðilum sínum misjafnlega mikið en þrátt fyrir það virtist viðhorf þeirra og sýn á einstaklingana breytast. Það er skoðun okkar sem komu að þróunarverkefninu, að þetta samstarf hafi eftir félagslega færni nemendanna og aukið víðsýni þeirra og umburðarlyndi gagnvart náunganum. Ef svo er, má fullyrða að það dragi úr líkum á því að þessir nemendur og aðrir þeir sem tóku þátt í þróunarverkefninu, leggi aðra í einelti síðar meir í lífinu.

Verkefnið varð það sýnilegt að flestir bæjarbúar vissu hvað um var að vera. Það að um 300 manns hafi upplifað fjölbreytt skemmtiatriði á hátíðinni „List án landamæra“ 5. maí, þar sem hóparnir sameinuðust í söng, sýndi samfélaginu að allir geta unnið saman og allir hafi eitthvað til brunns að bera. Margir gestanna höfðu orð á því eftir hátíðina hve frábært það hefði verið að sjá þessa ólíku einstaklinga saman á sviði og skapa saman athyglisvert og flott verk.

Með þessu þróunarverkefni tel ég að leikskólinn hafði styrkt innviði samfélagsins, opnað augu íbúa fyrir mikilvægi samvinnu og gagnkvæmrar virðingar og myndað félagslegar tengingar milli kynslóða og ólíkra einstaklinga.

Með vettvangsferðum um bæinn og út í náttúruna hafa nemendur kynnst betur því samfélagi og umhverfi sem þeir búa í. Börn sem þekkja umhverfi sitt vel verða öruggari og skal telja það þeim til ávinnings. Þau þekkja orðið sérkenni svæðisins, hluta af sögu þess, örnefni, heiti húsa í gamla hverfinu og hafa betri mynd af samfélaginu sem slíku. Í gegnum krummaþemað öðluðust þau einnig töluverða þekkingu á krumma og öðrum fuglum, útliti þeirra, sérkennum og lifnaðarháttum.

Með því að kynnast og upplifa samfélagið sitt á þann jákvæða hátt sem verið hefur í þróunarverkefninu, eykur það líkur á stolti og virðingu nemendanna fyrir heimabyggðinni, sem hlýtur að vera ávinningur fyrir Fljótsdalshérað.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Óhætt er að segja að þróunarverkefnið hafi haft mikil áhrif á skólastarfið, sérstaklega á vorönninni. KRUMMI var það sem allir samfélagshóparnir voru að fást við í öllum smiðjunum og krummi var á dagskrá meira og minna frá því leikskólinn opnaði þar til hann lokaði. Mikill samhugur ríkti meðal allra með þetta viðfangsefni, enda krummi mjög sýnilegur í því landslagi sem er á Egilsstöðum, þar sem hann flýgur á milli kletta og tyllir sér á kirkjuturninn í allra auglýsn. Sum börnin sáu krummamyndir út úr öllu og starfsfólk fékk að heyra fréttir af krumma nær daglega þegar þau komu í leikskólann. Þau komu með hrafnshjörir í leikskólann og tíndu rusl til að setja í krummalaupinn sem þau höfðu fléttað úr birkigreinum. Ein stúlkan mætti með hrafnshræ með sér, sem fjölskyldan gekk fram á í páskafríinu. Neitaði stúlkan að fara heim nema hún fengi að taka hræið með sér í leikskólann, enda nýttust fjaðrirnar afar vel í krummasmiðjuna. Krummi átti hug allra þetta skólaárið.

Niðurstöður mats starfsmanna Tjarnarlands, foreldrahópsins, Félags eldri borgara og forsvarsmanna Stólpa á þróunarverkefninu gefa tvímælalaust til kynna að halda áfram skólastarfi á þeirri braut sem einkenndi starfið í vetur, grenndarfræðslu, öflugum samstarfi við ýmsa aðila í samfélaginu, en ávallt með líðan barnsins, þarfir þess og þroska í öndvegi.

## Niðurstöður verkefnisins

Niðurstöður þeirra hópa sem tóku þátt í mati á þróunarstarfinu teljum við segja best til um ávinning verkefnisins. Hér má sjá brot úr mati starfsmanna, foreldra og Betribæjarstjórnar/samstarfshópanna.

### Dæmi úr mati starfsmanna:

*„Nemendur tala um samstarfsaðilana sem vini sína, heilsa þeim á fönnum vegi, þetta hefur jákvætt félagslegt gildi fyrir samfélagið, jákvæð samskipti og jákvæð tengsl milli þessara hópa, verkefnið „Betri bær – list án landamæra“ er mjög í anda nýrrar aðalnámskrár, sjá þessa þrjá hópa saman s.s. á sýningunni List án landamæra, hefur án efa haft jákvæð áhrif á samfélagið, starfsfólk hefur fengið mikil og jákvæð viðbrögð /lof frá ýmsum aðilum í samfélaginu fyrir starfið í kringum þetta verkefni og sýninguna, samstarfið styrkir nemendur án efa í samskiptum við ólíka einstaklinga, fatlaða sem ófatlaða, eykur líkurnar á meira umburðarlyndi, vinnur þannig fremur gegn einelti, verkefnið gaf starfsmönnum Stólpa tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttu samstarfi / fjölbreyttum viðburðum, verkefnið hefur vakið athygli víða bæði innan samfélagsins hér sem utan (þátttakan í Ráðhúsinu í Reykjavík)“.*



### Dæmi úr mati foreldra:

Foreldrar voru spurðir: Hvað telur þú/þið að barnið hafi lært af samstarfinu við starfsfólk Stólpa – hæfingu og iðju fyrir fatlaða?

*Í flestum svörum foreldra má lesa orðið „virðing og umburðarlyndi, einnig að það auki víðsýni, minnkar fordóma, skilning á að ekki eru allir eins, barnið hræðist ekki fatlaða, þykir vænt um fatlaða, að umgangast mismunandi hópa fólks, við erum ólík og höfum ólíkar þarfir, það er í lagi að vera öðruvísi, að enginn er eins, að eiga vini sem eru ekki eins og við flest, það sem börnin þekkja hræðast þau síður, ég tel að barnið mitt hafi lært að umgangast fólk af virðingu og heilindum, læra að það eru allir góðir í einhverju, að öll erum við manneskjur og höfum (flest) þörf fyrir samskipti við aðrar manneskjur, það er í lagi að vera öðruvísi, koma fram við alla á jafningjagrundvelli“.*

*Einnig má sjá setningar eins og: „Frábært framtak, gerir leikskólann að virkum þátttakanda í samfélaginu, gott og gefandi samstarf, frábært að leikskólinn starfi með Stólpa, hún er mjög ánægð, fannst þetta skemmtilegt, það er bara svo hrikalega mikið sem barnið lærði á þessu ári“.*

*En það komu líka fram setningar eins og: „hef aldrei heyrt talað um það á mínu heimili og því veit ég ekki hvort það hafði áhrif, veit ekki - talaði ekki mikið um það“.*

Foreldrar voru einnig spurðir um eftirfarandi: Hvað telur þú/þið að barnið hafi lært af samstarfinu við eldri borgara?

*Þar kom þetta m.a. fram: „Virðingu, samskipti og þroska, fundið viskubrunn til að hlusta á, gerir gamla fólkið áhugaverðara fyrir krakkana, þau geta lært svo margt af gamla fólkinu, sögur, kvæði og svo margt annað um liðna tíma sem við getum ekki frætt þau um, hún hefur lært margt um liðna tíð, t.d. vísur, tónlist og dans, fræðast um bæinn og margt fleira, þau eiga margt sameiginlegt með börnum, umburðarlyndi, það er hægt að brúa kynslóðarbilið á ýmsan hátt, eldri borgarar hafa séð tímana tvenna og hafa frá mörgu skemmtilegu að segja, segja sögu bæjarins, að bera virðingu fyrir eldra fólki og því sem það hefur kennt þeim sem yngri eru, öll samvinna við eldri borgara hafði góð áhrif - unnu saman á jafnréttis grundvelli, teljum að það hafi einnig verið mjög gott og gefandi, talað var um eldri borgarana eins og hina vinina, sem synir okkur að samstarfið hefur gefið barninu mikið, endilega hafið áfram á þessari braut, talaði oft um þetta fólk sem var að koma að heimsækja þau, mínu barni fannst sögugöngurnar mjög skemmtilegar og er endalaust að fræða mig um hin ýmsu einkenni Egilsstaða og húsin hér, mér fannst þetta frábært samstarf, fróðleikur, læra nöfnin á gömlu húsunum, kurteisi nr. 1-2-3, að umgangast eldra fólk, þroskaði hann mikið, barnið fær of sjaldan tækifæri til að umgangast eldri borgara þannig að þetta er frábært verkefni, mitt barn lærði sögur og ljóð og ég vona að það hafi lært að umgangast eldra fólk, að umgangast og eiga samskipti við fólk á efri árum ekki bara afa og ömmu, margt sem eldra fólkið hefur að segja frá sem færast heim með barninu, fannst sérstaklega gaman að skynja að barnið átti vini í þessum hópi og að sjá þegar "vinirnir" mættust á förnum vegi hversu vináttan var einlæg, þekkingu á bænum í lífi fólksins, yndisleg upplifun barnsins, já, mikið -fæ reglulega sögur af húsunum í gamla hverfinu.“*

Dæmi úr mati Betribæjarstjórnar (eldri borgarar, forsvarsmenn Stólpa, verkefnastjóri, leikskólastjóri). Spurt var um fjölbreytni viðfangsefna / viðburða m.t.t. einstaklingsbundinna hæfileika í þróunarverkefninu:

*„Sérstaklega var hugað að þessu gagnvart starfsfólki Stólpa. Reynt var að raða nemendum Tjarnarlands niður í verkefni eftir áhuga og hæfileikum svo allir gætu notið sín sem best. Eldri borgarar tóku þátt í þeim verkefnum þar sem þeir voru sterkir. Teljum við að þetta hafi tekist nokkuð vel“.*



**Hér má sjá helstu viðburði frá því þróunarverkefnið hófst í ágúst/sept 2011. allt þar til í maí 2012.**

## 2011

- Ágúst Samkór Tjarnarlands og eldri borgara kom fram á bæjarhátíðinni Ormsteiti.
- Ág./sept. Gönguferðir um bæinn og út í náttúruna –samfélagið skoðað, umhverfið skoðað nær og fjær af götum og helstu útsýnisstöðum í og við bæinn, vinatré valið.
- Sept. Bocciamót eldri borgara og nemenda Tjarnarlands í sal Tjarnarlands.
- Okt. Vetrargleði í Tjarnarlandi. Nemendur tóku á móti eldri borgurum og starfsfólki Stólpa í morgunkaffi og buðu þeim á dansleik í sal Tjarnarlands.
- Okt/nóv Sögugöngur nemenda með eldri borgurum um gamla hverfið.
- Okt. Skarphéðinn Þórisson náttúrufræðingur kom og fræddi nemendur um hreindýr.
- Okt. Bæjarstjórinn Björn Ingimarsson kom í heimsókn og sagði frá sér og starfi sínu.
- Nóv/des Heimsóknir frá Stólpa í Tjarnarland í des.
- Nóv/des Heimsókn nemenda Tjarnarlands í Hlymsdali, Sambýli aldraðra og Stólpa.

## 2012

- Jan. Fundur með Margréti Norðdal framkvæmdastýri Listar án landamæra í Sláturhúsi- menningarsetri.
- Jan. Byrjað fyrir alvöru að spá í krumma. Lesnar krummasögur, ævintýri og þjóðsögur. Sungið um krumma.
- Jan. Verkefnastjóri kynnir þróunarverkefnið fyrir eldri borgara í Hlymsdölum.
- Feb. Kórsöngur með eldri borgurum á Degi leikskólans á ýmsum stofnunum og í fyrirtækjum bæjarins. Stutt kynning á þróunarverkefninu í leiðinni fyrir áhorfendur sem voru að mestu bæjarbúar.
- Feb. Samstarf við elstu deild Egilsstaðaskóla og eldri borgara í verkefninu *Bærinn minn Egilsstaðir*. Nemendur leikskólans og eldri borgarar héldu kynningu og skjávarpasýningu fyrir nemendum Egilsstaðaskóla.
- Mars Eldri borgari kom og las ljóðið Krummi eftir Jóhannes úr Kötlum
- Feb-ap. Smiðjur og ýmis önnur samstarfsverkefni einu sinni í viku.
- Maí Ljóðagerð fyrir þátttöku í verkefninu Ljóð á vegg á Fljótsdalshéraði.
- Mars Endurvinnslusmiðja í Menntaskólanum þar sem nemendur unnu krumma úr herðatrjám og öðru verðlausu efni.
- Mars Danssmiðja Emelíu kom og kenndi nemendum krummadans. Starfsfólk Tjarnarlands lærði dansinn og æfði síðan með nemendum fram að hátíð.
- Mars Hjalti Stefánsson og Heiður Ósk Helgadóttir komu og sýndu nemendum myndband um krumma og lifnaðarhætti hans og sögðu nemendum sögur af krumma.
- Apríl Sævar Sigbjarnarson eldri borgari, Elfar Þór Guðmundsson 6 ára nemandi leikskólans og Theódóra Lind Thorarensen starfsmaður Stólpa sungu og léku við Opnunarhátíð Listar án landamæra í Ráðhúsi Reykjavíkur. Margrét Lára Þórarinsdóttir söngkona og móðir í leikskólanum fór með sem stjórnandi hópsins. Stóri krummalaupurinn fór einnig á sýninguna í Ráðhúsinu. Verkin vöktu mikla athygli og kom viðtal við sönghópinn í tíu fréttum RÚV.

Apríl	Undirbúningur fyrir hátíðina 5. maí. Nemendur gerðu allir krummabúninga, dans- og söngæfingar. Starfsfólk önnum kafið við að klára ýmis verkefni með nemendum.
Apríl/maí	Betribæjarstjórnin auk sýningarstjóra fundaði þétt til að undirbúa hátíðina 5.maí. Verkefnastjóri var önnum kafinn frá morgni til miðnættis flesta daga við undirbúning bæði vegna opunarhátíðar í Ráðhúsi Reykjavíkur og í Sláturhúsinu – menningarsetri. Verkefnalistinn var langur, búa til skjávarpasýningu til sýningar á báðum stöðum, fá styrk til að flytja krummaskúlptúrinn í Ráðhúsið og til baka, skipuleggja dagskrána á hátíðinni ásamt fleirum, vinna að auglýsinga- og textagerð í ýmsar auglýsingar, vinna í kringum verkefnastjórn Ljóð á vegg, uppsetning á verkum nemenda í Sláturhúsinu, samskipti við ótal aðila, skipuleggja dans- og söngæfingar með nemendum og eldri borgurum, heimsækja eldri borgara, upplýsingagjöf til starfsmanna og foreldra og að halda utan um verkefnið í heild sinni.
Maí	Þátttaka allra nemenda í hátíðinni List án landamæra í Sláturhúsi – menningarsetri.
Maí	Bryndís Skúladóttir verkefnastjóri og leikskólinn Tjarnarland hljóta viðurkenningu Heimilis og skóla fyrir Betri bær – list án landamæra. Bryndís tók á móti viðurkenningu í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík.
Júní	Verkefnastjóri skilar skýrslu um verkefnið til Margrétar Norðdal framkvæmdastýri Listar án landamæra.
Júlí	Verkefnastjóri skilar lokaskýrslu um verkefnið til Sprotasjóðs.

### **Afrakstur krummasmiðjanna og þróunarverkefnisins**

- Stór krummajárnskúlptúr með áföstum laup sem ofinn var úr birkigreinum. Eggin voru netakúlur. Járngrind var notuð sem styrktargrind í laupinn sem eldri borgari logsauð saman. Fór á opunarsýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur 18. apríl og var þar á sýningu í 10 daga. Stendur nú við Sláturhús – menningarmiðstöð en verður komið fyrir í nágrenni Tjarnarlands í framtíðinni. Verkið er þannig úr garði gert að börn og fullorðnir geta farið í krummaleik. Hægt er að fara ofan í hreiðrið og liggja á eggjunum, gefa ungunum mat og annað sem krummafjölskylda gerir.

- Krummalaupur ofinn úr birkigreinum. Efniviður sóttur í Selskóg þar sem eldri borgarar, nemendur og starfsmenn Stólpa söfnuðu greinum á kerru og fluttu í leikskólann. Járngrind var notuð sem styrktargrind í laupinn sem eldri borgari logsauð saman.
- Stórt bútasaumsteppi á vegg. Nemendur máluðu krumma á efnisbúta og eldri borgari saumaði þá saman í skemmtilegt veggteppi. Nemendur skreyttu hinn glysgjarna krumma í lokin.
- Skuggaleikhús. Nemendur gerðu sögu eftir ljóðinu Krummi eftir Jóhannes úr Kötlum. Síðan gerðu þeir skuggabréður og aðra leikmuni úr svörtu kartoni og leikritið var tekið upp á vídeó. Eldri borgarar og starfsmenn Stólpa komu einnig að þessu verkefni. Kvikmyndað.
- Brúðuleikhús. Nemendur gerðu krummaleikrit eftir ljóðinu Krumminn á skjánum. Þeir notuðu sokka til að gera krummabréðurnar. Starfsmenn Stólpa komu einnig að þessu verkefni. Kvikmyndað.
- Stórt útilistaverk sem byggt var á sögunni Krummahöllin eftir Björn Daníelsson. Verkið var unnið af nemendum og starfsmönnum Stólpa og var ca. 1.50 + 2.50 að stærð.
- Söngsmiðjur voru þrjár: Eldri borgari og 6 ára leikskólanemandi sungu saman Krummi eftir Davíð Stefánsson. Flutt í Ráðhúsi Reykjavíkur 18. apríl og á hátíðinni List án landamæra í Sláturhúsinu – menningarmiðstöð 5. maí.
- Krummakvartett. Tveir eldri borgarar og tveir nemendur Tjarnarlands sungu nokkrar krummavísur, auk þess kváðu þau rímur.
- Krummakór. Blandaður kór nemenda Tjarnarlands, eldri borgara og starfsfólks Stólpa söng saman nokkrar krummavísur, bæði þekktar og lítið þekktar.
- Allir nemendur teiknuðu mynd af krumma í upphafi og lok þemans þar sem sjá mátti hve mikið nemendur höfðu bætt við sig í þekkingu á krumma og öðrum fuglategundum.
- Ævintýrakrummar. Nemendur máluðu ævintýrakrumma sem voru afar frjálsglegir í útliti.
- Krummaljóð. Nemendur ortu krummaljóð í tengslum við verkefnið Ljóð á vegg sem nú prýðir helstu vegg stofnana og fyrirtækja í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði, auk myndskreytinga af krumma eftir nemendur.
- Heimildamyndin Betri –bær. Ferli þróunarverkefnisins var tekið upp á byrjun og heimildamyndin var frumsýnd á hátíðinni 5. maí í Sláturhúsinu – menningarhúsi. Það voru Sigurður Ingólfsson, Ólöf, Björk Bragadóttir og Sölvi Sigurðarson sem sáu um upptökur og klippingu við myndina.

- List án landamæra í Sláturhúsinu – menningarsetri 5. – 15. maí. Áætlað er að um 300 manns hafi verið á opunarhátíðinni í Bragganum við Sláturhúsið en um 500 manns hafi séð sýninguna á þessum 10 dögum.
- Um 150 manns komu að þróunarverkefninu í Tjarnarlandi á einn eða annan hátt.
- Nemendur öruggari í umhverfi sínu eftir göngutúra og skoðunarferðir um bæinn og náttúruna, fræðslu um sérkenni svæðisins og kynni sín af fjölda fólks í samfélaginu.
- Nemendur eru öruggari að koma fram fyrir 300 manns á hátíðinni í Bragganum (söng og dansatriði).
- Aukin þekking á dýra- og fuglalífi.
- Víðsýnni og umburðarlyndari nemendur og starfsfólk.

Varðandi það hvort verkefnið muni hafa áhrif á skólastarfið eftir þetta skólaár, vil ég trúa því að nýir skólastjórnendur sem taka við stjórnun nýs sameinaðs leikskóla nú í haust (Skógarland og Tjarnarland sameinaðir frá 1. ágúst 2012) muni virða niðurstöður mats á skólastarfi og skólastarfið muni áfram einkennast a.m.k. að einhverju leyti af þeim áherslum sem einkenndu starfið s.l. skólaár.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður**

Nú þegar hefur þróunarverkefnið hlotið töluverða kynningu, m.a. hefur í þriggung komið frétt um verkefnið í fréttablaði Fljótsdalshérað sem aukablað í svæðisfréttablaðinu Austurglugganum. Verkefnastjóri ritaði einnig grein um þróunarstarf í Tjarnarlandi í tímaritið Gletting sem kom út í mars s.l., en í honum er fjallað um austfirsk málefni. Þar er m.a. greint frá þróunarverkefninu „Betri bær – list án landamæra“. Verkefnastjóri hélt einnig kynningu á verkefninu fyrir foreldra á foreldrafundi í byrjun skólaársins og eldri borgara í jan. 2012 og síðar fyrir hluta bæjarbúa á Degi íslenskrar tungu.

Verkefnastjóri áætlar að birta grein um afrakstur og niðurstöður þróunarverkefnisins í Skólavörðunni á hausti komanda og einnig verður kynning á verkefninu á haustþingi leik- og grunnskóla kennara á Austurlandi sem haldið verður í sept.

**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um.**

Vegna sameiningar leikskólanna Tjarnarlands og Skógarlands fengu verkefnastjóri og leikskólastjóri uppsagnarbréf nú í vor og munum við báðar láta af störfum við leikskólann í lok þessa skólaárs. Ef hafa þarf samband við aðra hvora okkar eftir 13. júlí, vinsamlega sendið tölvupóst á [brynsk@simnet.is](mailto:brynsk@simnet.is) eða [laugavellir15@internet.is](mailto:laugavellir15@internet.is)

Leikskólanum Tjarnarlandi 9. júlí 2012

---

Anna Bryndís Skúladóttir, verkefnastjóri

---

Aðalbjörg Pálsdóttir, skólastjóri ábyrgðarskóla











